



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framkvæmdir og viðhald við leikskóla sumarið 2021**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 24. ágúst 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er eftir yfirliti um þær framkvæmdir og það viðhald sem farið var í á leikskólum borgarinnar í sumar. Þar komi fram hvort verk- og tímaáætlanir hafi staðist eða hvort tafir hafi orðið. Ennfremur að þar komi fram hvort slíkar tafir hafi haft áhrif á skólastarf og þá hvernig hafi verið brugðist við þeim tögum.*

**Svar:**

Á fundi skóla- og frístundaráðs 14. september 2021 fór fram kynning og umræða um framkvæmdir við húsnæði og lóðir skóla- og frístundasviðs 2021. Farið var yfir helstu framkvæmdir og viðhald á húsnæði og lóðum leikskóla sem fram fóru á árinu 2021.